


Hólmfríður Þóroddsdóttir, Darren Stonham og Sólveig Anna Jónsdóttir.

Tónleikar á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar

Sunnudaginn 17. apríl kl. 15 verða tónleikar í Kirkjuhvoli í Garðabæ á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar. Flutt verður létt og skemmtileg tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson, Benge, Poulenc, Schumann og Telemann. Flytjendur eru Hólmfríður Þóroddsdóttir óbóleikari, Darren Stonham fagottleikari og Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari.

Hólmfríður Þóroddsdóttir er Akureyringur og byrjaði sitt tónlistarnám þar sjö ára á píanó. Seinna tók óbóið yfirhöndina. Eftir einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, þar sem kennari hennar var Kristján Þ. Stephensen, stundaði hún nám í London. Hólmfríður starfar nú í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en kemur einnig fram utan hennar. Hún lék t.d. einleik á nýútkominni geislaplötu Kammersveitar Reykjavíkur „Jólatónleikar".

Darren Stonham er Englendingur, uppalinn í London. Hann lærði fyrst á píanó og málmblásturshljóðfæri, en byrjaði að læra á fagott ellefu ára. Eftir lokapróf frá Guildhall School of Music and Drama í London flutti hann til Íslands og starfar nú sem hljóðfærakennari í Reykjavík. Hann tekur einnig þátt í tónlistarlífi hérlendis, t.d. með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Sólveig Anna Jónsdóttir er Akureyringur og hefur stundað píanónám frá átta ára aldri á Ísafirði, Akureyri, Reykjavík og í Bandaríkjunum. Helstu kennarar hennar hafa verið, Ragnar H. Ragnar, Philip Jenkins, Halldór Haraldsson, Nancy Weems og nú síðast Anna Málfríður Sigurðardóttir. Sólveig starfar sem kennari og píanóleikari í Reykjavík og Garðabæ.

Á undan tónleikunum og í hléi verða bornar fram kaffiveitingar.

Norræna húsið

Sumarsýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur

NORRÆNA húsið ráðgerir að halda sýningu á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur Ream í sýningarsölum Norræna hússins 9. júlí til 7. ágúst 1994.

Það hefur verið hefð í Norræna húsinu að efna til sýningar á verkum íslenskra listamanna um hásumarið til að kynna þeim fjölda erlendra gesta sem kemur í Norræna húsið að sumarlagi íslenska myndlist frá ýmsum tímum.

Að þessu sinni hefur verið ákveðið að sýna verk Ragnheiðar Jónsdóttur Ream, en hún lést 1977.

Norræna húsið óskar í því tilefni eftir að komast í samband við eigendur verka eftir Ragnheiði Jónsdóttur Ream sem væru fúsir til að lána verk á sýninguna.

Vinsamlegast hafið samband við Norræna húsið, Ingibjörgu Björnsdóttur í síma 17030 milli kl. 10–16 alla virka daga.



Stef við blóm og eld

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Vestursalur Kjarvalsstaða
Hulda Hákon - opið frá kl. 10-18, til 8. maí.


Blóm og eldur hafa verið viðfangsefni listamanna svo lengi sem sögur herma, enda er hér um að ræða þætti sem koma manninum við og hafa tengst lífi hans frá örófi alda. Og þótt við höfum fjarlægst eldinn í næstu nálægð með tilkomu rafmagnsins, er hann jafn áþreifanlegur í umhverfinu og minnir stöðugt á sig. Og hvað blómin varðar, þá eru þau okkur ekki einungis augnayndi, heldur yrkisefni skálda og umræðuefni fagurkera sem leikmanna. Niðurlenzkar blómamyndir fyrri alda vöktu snemma athygli á söfnum, sem eitthvað mjög fjarlægt, sérgilt og stásslegt, en þó sjaldan ýkja forvitnilegt, en á síðari árum hefur slíkum myndum aukist vægi ekki síður en margt annað í náttúrunni, sem gengið er á.

Það er með eldinn eins og myrkrið, að þar er í senn falið svo margt fagurt en hættulegt, og á sama veg er enginn rós án þyrna. Þannig er það reyndar með lífið sjálft, því á bak við hina mestu hamingju býr tortímingin.

Hulda Hákon hefur haslað sér völl með lágmyndum sínum er leiða hugann að bernzkum myndum frumbyggja Ameríku, og sem henni hefur á svo ísmeygilegan hátt tekist að yfirfæra á íslenzkan vettvang.

Þrátt fyrir að sýningin komi á óvart með tvívíðum máluðum flatamyndum á veggjunum, skynjar maður tengslin við lágmyndirnar. Þær eru raunar eins og brotnar einingar á gólfinu í formi blóma og eldsloga, eða réttara sagt eldtungna, sem eins og teygja sig mót eilífðinni. Hér skynjar maður um leið sterka vísun til hins ástþrungna og æxlunarinnar, því þótt eldur frjóvgi ekki blóm gerir ástarfuninn það.

Það eru bein tengsl á milli málverkanna og gólfverkanna, huglæg sem efnisleg. Veggverkin innihalda sýnileg sem ósýnileg skilaboð um nálægðir og fjarlægðir, sjálfa eilífðina og hjartslátt tímans. Hvað blómaverkin á gólfinu snertir, umbreytast þau í nokkurs konar lýsandi stjörnuþokur á djúpbláu himinhveli, og logatungurnar í flöktandi ryþma smáforma, - með áherslu á funheita liti.



Hulda Hákon

Allt er þetta mjög vel útfært, og þessi hlið á listakonunni hefur lengstum einmitt verið styrkur hennar, og við bætist að hún býr yfir mun meiri færni í tvívíðu formi en mann grunaði, þótt hér virðist hún sækja lærdóm til Eggerts Péturssonar eða þau bæði til sama upprunans. En gjörningurinn missir flugið í hinu mikla og kalda rými og stásslega gólfi. Rýmið kemur þannig ekki á móts

UM HELGINA

Myndlist

Bennó G. Ægisson sýnir í Eden

Bennó G. Ægisson frá Vestmannaeyjum opnar mánudaginn 18. apríl sýningu á 29 olíu- og vatnslitamyndum í Eden í Hveragerði.

Sýningunni lýkur 1. maí.

Edda María sýnir á Raufarhöfn

Sýning á olíumálverkum Eddu Maríu Guðbjörnsdóttur stendur yfir á Hótel Norðurljósum, Raufarhöfn. Sýningin mun standa yfir næstu vikur. Verkin eru unnin á sl. tveimur árum.

Sýning á teikningum Gunnlaugs Blöndals

Í Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 9, stendur nú yfir sýning á teikningum Gunnlaugs Blöndals.

Sýningin stendur til 21. apríl og er opin á verslunartíma á virkum dögum frá kl. 10-18.

Síðasta sýningarhelgi Bodil Kaalund og Olav Chr. Jenssen

Í sýningarsölum í kjallara Norræna hússins hefur staðið yfir sýning á teikningum eftir norska listamanninn Olav Chr. Jenssen og í anddyri Norræna hússins er sýning á vatnslitamyndum eftir dönsku listakonuna Bodil Kaalund. Hér er um að ræða myndskreytingar við nýja þýðingu á biblíunni sem kom út í Danmörku 1992.

Sýningunum lýkur sunnudaginn 17. apríl og eru sýningarsalirnir opnir frá kl. 14-19, en sýningin í anddyrinu er opin á laugardag frá kl. 9-19 og á sunnudag frá kl. 12-19.

Þrjár sýningar í Hafnarborg opna á morgun

Freydís Kristjánsdóttir opnar sýningu í kaffistofu Hafnarborgar á morgun, laugardaginn 16. apríl. Freydís sýnir þar myndasögur og myndskreytingar. Verk eftir Freydísi hafa þrisvar birst í myndasögublaðinu Gisp!. Í kynningu segir: „Myndasögur hennar eru ekki í hefðbundnum hasarblaðastíl og skera sig nokkuð úr því sem aðrir hafa verið að gera á þessi sviði hérlendis. Sögur hennar eru fingerðar pennateikningar og í þeim vitnar hún gjarnan í rómantíska myndlist nítjándu aldarinnar".

Freydís hefur myndskreytt kennsluefni, tímaritsgreinar og bæklinga, hún vann einnig myndskreytingar fyrir barnabók Sólveigar Traustadóttur, Himinninn er allsstaðar, sem út kom á síðasta ári.

Sýningin verður opin frá kl. 11-18 virka daga og kl. 12-18 um helgar.

Annetta Ackermann opnar sýningu sína í Hafnarborg á morgun laugardag. Annette Ackermann er fædd í Stuttgart í Þýskalandi. Hún hóf myndlistarnám við Frjálsa listaskólann í Stuttgart árið 1986. Árið 1988 nam hún við Listaháskólann í Karlsruhe, en ári síðar lá leiðin aftur til Stuttgart þar sem hún naut leiðsagnar þeirra Dieter Gross og Erichs Mansen við Ríkisakademíuna.

Að skólasýningum frátöldum hefur Annette sýnt víða í Þýskalandi, m.a. í ráðhúsi Leonbergs, þar sem hún sýndi með Beate Blankenhorn, Jóni Thor Gíslasyni og Matthias Keller. Þar sýndi hún m.a. annars litlar temperamyndir sem var afrakstur fyrstu dvalar hennar á Íslandi sumarið 1991, en náttúra landsins ásamt gömlu húsunum í Hafnarfirði, sem Nína Tryggvadóttir málaði gjarnan, höfðu djúp áhrif á hana. Þessar myndir eru meðal verka hennar á sýningunni í Sverrissal í Hafnarborg.

Sýningin stendur til 2. maí og er opin frá kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga.

Jón Thor Gíslason opnar einnig málverkasýningu í Hafnarborg, á morgun laugardag kl. 14. Sýning hans ber yfirskriftina „Málverk" og eins og nafnið bendir til mun Jón Thor að þessu sinni eingöngu sýna málverk unnin með olíulitum á striga. Gefin hefur verið út sýningarskrá í tilefni sýningarinnar með sjö litprentuðum myndum eftir listamanninn. Þrír listamenn hafa skrifað texta í skrána sem birtir eru bæði á íslensku og þýsku.

Björn Thoroddsen og félagar leika jazz við opnunina.

Sýningin verður opin frá kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga fram til 2. maí.

Kristín og Ingibjörg sýna í Listhúsinu í Hafnarhúsinu

Kristín Blöndal og Ingibjörg Hauksdóttir opna sýningu í listhúsinu í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, laugardaginn 16. maí. Þær luku báðar námi úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands vorið 1992. Báðar hafa einnig stundað myndlistarnám erlendis. Ingibjörg mun sýna bróderuð ungbörn, en Kristín olíu á striga. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14-18 og stendur til 1. maí.

Smáhillur og borð í Gallerí Greip

Í Gallerí Greip opnar á morgun, laugardaginn 16. apríl, sýning Gunnars Magnússonar á smáhillum og borðum. Sýningin stendur til 4. maí.

Þrjár sýningar í Nýlistasafninu

Um þessar mundir eru þrjár sýningar í gangi í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Í neðri sölum safnsins er sýning á veggspjöldum Guerilla Girls, sem er hópur myndlistarkvenna búsettur í New York. Þær vinna undir nafnleynd og koma ætíð fram með grímu fyrir andlitinu. Vinnuföt þeirra eru stuttir þröngir kjólar, háhælaðir skór og górillugrímur. Í kynningu segir: „Eins og nafnið gefur til kynna vinna Guerilla Girls með sama hætti og skæruliðar, markvisst og fyrirvaralaust. Þær setja upp veggspjöld, dreifa límmiðum, auglýsa í tímaritum, gefa út jólakort og myndbönd ásamt því að koma fram á fyrirlestrum og í sjónvarpsumræðuþáttum. Mörg veggspjöld þeirra eru með tölfræðilegum samanburði á stöðu karla, kvenna og litaðra í myndlistarheimi New York borgar sem er ein aðalmiðja myndlistar í heiminum. Veggspjöldin eru unddirrituð „Guerilla Girls samviska myndlistarheimsins".

Þau veggspjöld sem eru til sýnis í Nýlistasafninu eru 30 að tölu. Vinnuhópurinn sem setur upp þessa sýningu hefur einnig gert stutta úttekt á sambærilegum málum á Íslandi.

Í neðsta sal safnsins er sýning á nýjum verkum eftir Svölu Sigurleifsdóttur og samvinnuverk Ingu Svölu Þórsdóttur og Wu Shan Zhuan. Svala sýnir hér málað ljósmyndaverk. En hún hefur áður unnið með ljósmyndir af myndlistarmönnum sem hún handlitar.

Inga Svala og Wu Shan Zhuan sem bæði eru starfandi í Hamborg hafa sl. þrjú ár gert röð af samvinnuverkefnum, ljósmyndum, póstkortum og veggspjöldum.

Í efri sölum safnins er sýning á verkum úr eigu safnsins. Hér er um ný aðföng að ræða og eru flest verkin unnin á þessu ári. Eftirtaldir listamenn eiga verk á safnsýningunni; Sólveig Aðalsteinsdóttir, Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Anna Líndal og Ráðhildur Ingadóttir.

Sýningarnar eru opnar alla daga milli kl. 14-18 og þeim lýkur 24. apríl.

Síðasta sýningarhelgi Ólafs í Slunkaríki

Sýningu Ólafs Más í Slunkaríki á Ísafirði lýkur sunnudaginn 17. apríl nk. Myndverkin á sýningunni eru unnin með akrýllitum á striga. Viðfangsefnið er jörð.

Sýning í miðstöð ferðamanna á Akranesi

Nú stendur yfir sýning á verkum Magnúsar Péturs Þorgrímssonar leirlistamanns í Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akranesi. Magnús útskrifaðist frá leirlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1992 og hefur síðan rekið eigin vinnustofu og frá miðju ári 1993 leirlistagallerí og sýningarsal við Skólavörðustíg 6b í Reykjavík ásamt Hjördísi Guðmundsdóttur. Magnús hefur haldið einkasýningu og tekið þátt í samsýningu. Upplýsingamiðstöðin er til húsa að Skólabraut 31 og er opin virka daga frá kl. 13-15. Sýningunni lýkur 13. maí.

„Ísland ofar öllu"

„Ísland ofar öllu" heitir ljósmyndasýning Mats Wibe Lund sem verður opnuð í Kringlunni. Heitið skírskotar til loftmynda — eins helsta viðfangsefnis Mats á undanförnum áratugum. Hann er þekktastur fyrir átthagamyndir og sýnir að þessu sinni landslags- og stemmningsmyndir.

Sýningin í Kringlunni er sérstök að því leyti að þar ber líklega fyrir augu stærstu litljósmyndir sem unnar hafa verið hér á landi. Myndirnar eru 20 að tölu og allar rétt um 2 fermetrar að stærð. Forsendan er stór filmustærð — þannig að stækkunarhlutfallið verði sem best.

Tónlist

Tónlistardagur í Perlunni á sunnudag

Perlan stendur fyrir Tónlistardegi, sunnudaginn 17. apríl. Til þessa Tónlistardags er boðið tónlistarskólum í Reykjavík og næsta nágrennis. Alls taka þátt fimm skólar í Tónlistardögum Perlunnar með fjölbreytta dagskrá sem hefst kl. 13 og þeir eru; Tónlistarskóli Borgarfjarðar, Tónlistarskólinn í Mosfellsbæ, Tónmenntaskóli Reykjavíkur, Tónlistarskóli íslenska Suzukisambandsins og Nýi Tónlistarskólinn.

Frá Tónlistarskóla Borgarfjarðar munu um 30 nemendur leika á strengjahljóðfæri og píanó. Einnig munu söngnemendur koma fram. Börn frá Tónlist-